

TILSKIPUN

um viðauka við tilskipun nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, og tilskipun nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, eru hér með sett eftirfarandi nánari fyrirbæli og reglur, er fylgja skal á sildveiðum á íslenskum skipum.

1. gr.

Með orðinu „herpinót“ er í reglum þessum átt við sildarnót, sem kastað er frá tveimur bátum, sem hvor um sig hefur helming nótarinnar innanborðs. „Hringnót“ er sildarnót, sem öll er höfð í einum báti og kastað frá honum eða sjálfu veiðiskipinu.

2. gr.

Nótabátar, sem hreyfast fyrir einhvers konar vélaraflí, skulu hlíta sömu reglum um stjórn og siglingu sem önnur vélskip. Að nóttu til skulu þeir hafa uppi lögboðin siglingaljós samkvæmt a- og b-liðum 7. gr. tilskipunar nr. 47 7. júlí 1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, meðan þeir eru lausir við veiðiskipið og hafa ekki byrjað að kasta nóttinni. Sé um herpinótabáta að ræða, skal ein slík ljósasamstæða vera fyrir báða.

Eftir að byrjað er að kasta nóttinni, skal hvor báturinn um sig aðeins hafa ljós samkvæmt d-lið 7. gr. téðra reglna. Þetta ákvæði á einnig við um hringnótabáta.

3. gr.

Skip eða bátur telst þá fyrst hafa byrjað að kasta nóttinni, er hún rennur út viðstöðulaust. Það losar ekki skip eða bát frá skyldu til að vikja fyrir öðrum skipum eða bátum, þótt nokkur hluti nótarinnar sé dreginn á eftir skipinu eða bátnum í sjónum.

4. gr.

Þegar mörg skip eru saman komin til sildveiða á takmörkuðu svæði, skal skipstjórnamönnum skylt að gæta fyllstu varúðar og fylgja nákvæmlega ákvæðum tilskipunar nr. 47/1953, um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Enginn skipstjórnamaður má aðhafast neitt það, er truflað geti veiðar annarra skipa, svo sem að meina nótabátum að komast að sildartorfu, styggja sildartorfu að þarflausu eða kasta fyrir torfu, sem aðrir eru byrjaðir að kasta fyrir.

5. gr.

Brot á tilskipun þessari varða sektum allt að kr. 50.000,00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1954 og fellur þá jafnframt úr gildi tilskipun nr. 78 29. júní 1949, um sama efni.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.